

Foreldrakönnun Skólapúlsins 2021-2022 var lögð fyrir í febrúar 2022. Könnunin er liður í sjálfsmati leikskóla.

Foreldrar í Skógarási tóku þátt í þeirri könnun þar sem kannað var viðhorf foreldra til leikskólans og skólastarfsins. Við höfum rýnt í niðurstöður könnunarinnar og erum að vinna að aðgerðaáætlun samkvæmt þeim.

Við sjáum sóknarfæri í að bæta starfið okkar og þá sérstaklega upplýsingastreymi til foreldra og að halda betur utan um foreldrahópinn okkar. Síðustu tvö ár hafa verið okkur erfið hvað varðar foreldrasamstarf og ætlum við að leggja mikla áherslu á það næstu misserin.

Við þökkum foreldrum fyrir góða svörun.

UM RANNSÓKNINA

- Samræmd foreldrakönnun leikskóla mælir 31 þátt í 6 flokkum. Um 10 mínútur tekur að svara könnuninni. Könnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert. Könnunin er send til foreldra allra barna í leikskólanum.
- Niðurstöður hvers aldurshóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal.
- Niðurstöður einstakra matsþátta eru settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%.
- Lágmarksvarhlutfall í hverjum leikskóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í leikskólanum. Ef svarhlutfall er undir 60% eru niðurstöður ekki birtar.

HVAÐ FINNST FORELDRUM GOTT VIÐ SKÓLANN OKKAR

- Barnið fær mikla hreyfingu og mikla útiveru sem hentar því einstaklega vel.
- Er ánægð með kennarana og sérkennslustjórann. Samskipti góð og barninu mínu líður mjög vel í leikskólanum Við erum mjög ánægð með leikskólann og þeirra stefnu
- Fjölbreyttni í hollri fæðu, leik og samskiptum. Hægt að ræða við leikskóla starfsfólk. Unnið vel að þroska barns.
- Heilsustefnan og fagmennska starfsfólksins
- Mér finnst allt gott við leikskólann og barnið mitt er mjög ánægt á leikskólanum.

- Starfsfólk tekur alltaf vel á móti og kveður barnið á hverjum degi. Sama starfsfólk alltaf (lítil starfsmannaveita) Góð samskipti. Virk á karellen. Hollur matur. Og skipulögð dagskrá eins og íþróttatími í hreyfisal og listasmiðja
- Samskipti, viðmót, stefna, viðbrögð og ferlar.

HVAÐ FINNST FORELDNUM AÐ MEGI FARA BETUR

- Eg væri til í að vera meira upplýst hvað þau gera yfir daginn.
- Má bæta upplýsingagjöf um atburði og hvað hver vika/mánuður er verið að gera með börnunum.
- Mér finnst að það á að vera talað miklu meira við foreldrana,
- Fleiri myndir, en það er bara útaf aðskilnaðarkvíða móður. Kemur stundum löng pása á milli mynda.

HVAÐ FINNST ÞÉR UM NÁMSUMHVERFIÐ Í LEIKSKÓLANUM

- Fjölbreyttin er mjög góð.
- Hreyfisalurinn er mjög skemmtilegur.
- I'm happy with my child's educational environment.
- Ég bara veit ekki neitt. Veit ekki hvað hann leikur sér í yfir daginn eða hvað hann lærir. Vantar sýnilega dagskrá. Þannig já upplýsinga flæði má pottþétt fara betur. Ef hann á erfitt/auðvelt með eitthvað þá myndi ég vilja vita það til að æfa heima og svoleiðis.

HVERNIG ERU SAMSKIPTI VIÐ SKÓLANN

- Allt mjög gott
- Ekkert til að setja út á. Þau eru virk á karellen sem er mjög fínt
- Fleiri myndir á Karellen af starfinu :)
- væri fínt ef það væri sent viku dagskrá eða mánaðar á foreldra svo maður viti hvað barnið er að gera allan daginn.
- Met það mikils að fá að heyra þegar honum gengur vel á leiskólanum og t.d ef það var eitthvað sem gerðist yfir daginn, bæði slæmt og gott.

ER EITTHVAÐ SEM ÞÚ VILT KOMA Á FRAMFÆRI VARÐANDI SÉRKENNSLU

- Rosalega ánægð með hvað allir eru tilbúnir að hjálpa.

- Við erum mjög þakklát fyrir þann flotta stuðning sem barnið hefur fengið.
- Ég treysti þeim fyrir því að sjá hvað barnið mitt þarfnast.